

Afkoma á þriðja ársfjórðungi 2007

- Hagnaður Icelandair Group eftir skatta á þriðja ársfjórðungi 2007 var 2.1 milljarðar króna samanborið við 2.5 milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra.
- Heildartekjur á þriðja ársfjórðungi 2007 voru 20.0 milljarðar króna en voru 19.5 milljarðar á sama tíma í fyrra og aukast um 3% á milli ára.
- EBITDAR á þriðja ársfjórðungi 2007 var 5.3 milljarðar króna miðað við 5.5 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2006.
- EBITDA á þriðja ársfjórðungi 2007 var 3.7 milljarðar króna en 4.4 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.
- EBIT fyrir þriðja ársfjórðung 2007 var 2.8 milljarðar króna en 3.7 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

- Eignir í lok þriðja ársfjórðungs ársins 2007 námu 69.9 milljörðum króna en voru 76.6 milljarðar í lok ársins 2006.
- Eiginfjárlutfall er 37% í lok þriðja ársfjórðungs 2007 en var 34% í lok ársins 2006.
- Handbært fé frá rekstri á fyrstu 9 mánuðunum 2007 var 3.9 milljarðar króna, en var 6.4 milljarðar króna á sama tíma 2006.

- Hagnaður Icelandair Group eftir skatta á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 var 1 milljarður króna samanborið við 3.2 milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra.
- Heildartekjur á fyrstu 9 mánuðum ársins voru 48.1 milljarðar króna en voru 43.6 milljarðar króna á sama tíma í fyrra og aukast um 11% á milli ára.
- EBITDAR á fyrstu 9 mánuðunum 2007 var 8.9 milljarðar króna en 8.5 milljarðar króna á sama tíma 2006.
- EBITDA á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 var 5.0 milljarðar króna en 5.7 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.
- EBIT var 2.6 milljarðar króna fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 en var 3.7 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group, segir:

"Hagnaður Icelandair Group á þriðja ársfjórðungi 2007 er undir væntingum, en EBITDA hagnaður ársins 2007 verður einn hinn besti í sögu félagsins, eða um 5.6 milljarðar króna.

Það er ljóst að við náum ekki markmiði okkar um betri afkomu en á síðasta ári, sem var besta ár í sögu félagsins frá upphafi. Helstu ástæður eru að farþegatekjur af auknu framboði í áætlunarflugi dótturfélagsins Icelandair eru undir áætlun, m.a. vegna sterkar stöðu íslensku krónunnar og aukins þrýstings á meðalfargjöld. Sterk staða krónunnar hefur einnig áhrif á útflutning frá landinu og hefur það haft áhrif á fraktflutninga og verkefnastaða í fraktleiguflugi var um tíma lakari en gert var ráð fyrir.

Það eru spennandi tímar framundan hjá félaginu. Icelandair Group er með kaupunum á Travel Service og Latcharter, tveimur mið-evrópskum flugfélögum í örum vexti, að styrkja undirstöður félagsins og vikka út starfsemina. Þessi tvö fyrirtæki skila góðri afkomu, verða með um 23 flugvélar í rekstri á næsta ári og velta um fjórðungi af heildarveltu samstæðunnar, eða 23-25 milljörðum króna. Travel Service varð hluti af rekstri Icelandair Group frá 1. október."

Lykiltölur úr rekstri –Á3 og 9M 2007

ISK'000.000						
	Actuals	Proforma	% Chg.	Actuals	Proforma	% Chg.
	Q3 07	Q3 06		9M 07	9M 06	
Transport revenue	11.994	12.480	-4%	27.995	27.648	1%
Charter revenue	4.615	3.290	40%	10.978	7.775	41%
Other	3.429	3.707	-7%	9.161	8.130	13%
Operating Income	20.038	19.477	3%	48.134	43.553	11%
Salaries and related expenses	4.672	4.721	-1%	14.603	13.008	12%
Aircraft fuel	2.856	3.160	-10%	6.869	7.389	-7%
Aircraft and aircrew lease	2.832	1.460	94%	6.684	3.588	86%
Aircraft servicing, handling and comm.	1.187	1.290	-8%	2.910	2.947	-1%
Aircraft maintenance	1.239	862	44%	3.102	2.365	31%
Other	3.531	3.563	-1%	9.004	8.536	5%
EBITDA	3.721	4.421	-16%	4.962	5.720	-13%
EBIT	2.843	3.737	-24%	2.646	3.720	-29%
EBT	2.519	3.014	-16%	1.248	3.817	-67%
Net Profit/Loss	2.061	2.507	-18%	1.037	3.165	-67%
EBITDAR	5.288	5.512	-4%	8.939	8.465	6%

Rekstrareiningar- 9M 2007

ISK'000.000						
	Scheduled	Capacity	Travel and	Shared	Elimi-	Con-
	airline	solutions	tourism	Services	nations	solidated
Segment revenue	33.089	10.897	7.594	531	-3.977	48.134
Segment cost	-30.370	-9.468	-6.444	-868	3.977	-43.172
EBITDA	2.719	1.429	1.150	-337	0	4.962
EBIT	1.379	1.165	769	-667	0	2.646
Net finance cost	-315	-250	-46	-962		-1.573
Share of profit of associates	0	175	0	0		175
EBT	1.064	1.090	723	-1.629	0	1.248
Income tax	-176	-237	-131	333		-211
Net Profit/Loss	888	853	592	-1.296	0	1.037
EBITDAR	5.105	2.643	1.528	-337	0	8.939

Rekstrareiningar-Á3 2007

ISK'000.000	Scheduled airline	Capacity solutions	Travel and tourism	Shared Services	Elimi- nations	Con- solidated
Segment revenue	13.450	4.234	3.657	197	-1.500	20.038
Segment cost	-10.983	-3.830	-2.726	-279	1.500	-16.317
EBITDA	2.467	404	931	-82	0	3.721
EBIT	1.953	293	795	-198	0	2.843
Net finance cost	85	-60	-68	-329		-372
Share of profit of associates	0	48	0	0		48
EBT	2.038	281	727	-527	0	2.519
Income tax	-350	-92	-131	115		-458
Net Profit/Loss	1.688	189	596	-412	0	2.061
EBITDAR	3.333	968	1.069	-82	0	5.288

Tekjur

Heildartekjur á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 námu 48.1 milljarði króna miðað við 43.6 milljarð króna á sama tíma í fyrra sem er 11% aukning miðað við í fyrra. Heildartekjur á þriðja ársfjórðungi 2007 voru 20.0 milljarðar miðað við 19.5 milljarða króna á sama tíma í fyrra sem er 3% aukning miðað við í fyrra.

- **Alþjóðlegur flugrekstur** Tekjur voru 33.1 milljarðar á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 en 32.7 milljarðar á sama tíma 2006 og 13.5 milljarðar á þriðja ársfjórðungi 2007 miðað við 14.2 milljarða króna á sama tíma 2006. Farþegatekjur Icelandair voru undir áætlun og jukust ekki í takti við aukið framboð á mörkuðum félagsins. Þá olli sterk staða krónunnar samdrætti í útflutningi sem dró úr tekjumöguleikum Icelandair Cargo.
- **Leiguflug og flugvélaviðskipti** Tekjur voru 10.9 milljarðar á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 en 7.7 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2006 og 4.2 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2007 en 2.9 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2006. Aukin verkefni í leiguflugi Loftleiða og Latcharter skiluðu góðri afkomu og tekjuauka en verkefnastaða hjá Bláfugli var veikari en áætlanir gerðu ráð fyrir í fjórðungnum.
- **Ferðapjónusta** Tekjur voru 7.6 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2007 en 7.3 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2006 og 3.7 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2007 en 3.8 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2006. Tekjur Icelandair Hotels hækkðu vegna meiri eftirspurnar og betri herbergjanýtingar. Farþegatekjur Flugfélags Íslands hækkðu vegna meiri eftirspurnar .
- **Stoðfyrirtæki** Tekjur voru 531 milljónir króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 en 460 milljónir króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2006 og 197 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2007 en 146 milljónir miðað við þriðja ársfjórðung 2006.

Rekstrargjöld

Gjöld Icelandair Group námu 43.2 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 en 37.8 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum 2006. Gjöld námu 16.3 milljörðum á þriðja ársfjórðungi 2007 en 15.1 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2006.

- **Alþjóðlegur Flugrekstur** Gjöld voru 30.4 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 en 29.0 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2006 og 11.0 milljarðar á þriðja ársfjórðungi 2007 en 10.9 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2006. Auk almennra kostnaðarhækkana er helsta ástæðan aukning í viðhaldskostnaði hjá Icelandair og Icelandair Cargo.
- **Leiguflug og flugvélaviðskipti** Gjöld voru 9.5 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 en 6.8 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2006 og 3.8 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2007 en 2.5 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2006. Aukin gjöld eru tilkomin af stóru aukinni starfsemi í alþjóðaleigufluginu frá síðasta ári.

- **Ferðapjónusta** Gjöld voru 6.4 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 en 6.1 milljarðar á fyrstu 9 mánuðum ársins 2006 og 2.7 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2007 en 2.9 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2006.
- **Stoðfyrirtæki** Gjöld voru 868 milljónir króna á fyrstu 9 mánuðum 2007 en 483 milljónir á sama tíma í fyrra og 279 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2007 en 244 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2006.

Samanburður –Lykiltölur

ISK´000.000					
	Proforma	Proforma	Actuals	Actuals	Actuals
	Q3 06	Q4 06	Q1 07	Q2 07	Q3 07
Transport revenue	12.480	7.306	6.315	9.686	11.994
Charter revenue	3.290	2.900	2.613	3.750	4.615
Other	3.707	2.384	2.977	2.755	3.429
Operating Income	19.477	12.590	11.905	16.191	20.038
Salaries and related expenses	4.721	4.753	4.602	5.329	4.672
Aircraft fuel	3.160	2.135	1.679	2.334	2.856
Aircraft and aircrew lease	1.460	1.619	1.436	2.416	2.832
Aircraft maintenance	862	746	1.027	836	1.239
Other	4.853	2.999	3.242	3.954	4.718
EBITDA	4.421	338	-81	1.322	3.721
EBIT	3.739	-396	-833	636	2.843
EBT	3.016	-759	-1.541	270	2.519
Net Profit	2.508	-551	-1.229	205	2.061
EBITDAR	5.512	1.535	1.027	2.624	5.288

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 námu 1.6 milljörðum króna miðað við 6 milljóna króna fjármagnstekjur á sama tíma 2006. Fjármagnsgjöld á þriðja ársfjórðungi 2007 námu 372 milljónum króna miðað við 747 milljón króna fjármagnsgjöld á þriðja ársfjórðungi 2006. Þessi gjöld stafa einkum af háum vaxtakostnaði á nýjum lánum vegna fjármögnunar og fjárfestinga, hærrí markaðsvaxta og álags. Gengi gjaldmiðla hafði einnig mikil áhrif á fyrirtækið, þar sem íslenska krónan styrktist um 8.5% á árinu 2007 miðað við veikingu hennar um 17% á sama tímabili á árinu 2006.

Hagnaður/Tap

EBITDA á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 var 5 milljarðar króna en 5.7 milljarðar króna á sama tímabili 2006. EBITDA á þriðja ársfjórðungi 2007 var 3.7 milljarðar króna en 4.4 milljarðar króna á sama tímabili 2006. EBIT á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 var 2.6 milljarðar króna, en var 3.7 milljarðar á sama tíma í fyrra. EBIT á þriðja ársfjórðungi 2007 var 2.8 milljarðar króna samborið við 3.7 milljarða króna á sama tímabili 2006.

EBITDAR á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 var 8.9 milljarðar króna miðað við 8.5 milljarða króna á fyrstu 9 mánuðum 2006. EBITDAR á þriðja ársfjórðungi 2007 var 5.3 milljarðar króna miðað við 5.2 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi 2006. EBITDAR er mælikvarði sem er oft notaður í flugrekstri þar sem leiga er undanskilin niðurstöðunni til þess að fá skýrari mynd af rekstrinum sjálfum.

Hagnaður eftir skatt á fyrstu 9 mánuðum 2007 nam 1 milljarði króna, en hagnaður var upp á 3.2 milljarða á fyrstu 9 mánuðum 2006. Hagnaður á þriðja ársfjórðungi 2007 var 2.1 milljarðar króna, en hagnaður á þriðja ársfjórðungi 2006 var 2.5 milljarðar króna

Efnahagsreikningur

Heildar eignir voru 69.9 milljarðar króna í lok þriðja ársfjórðungs 2007 en 76.7 milljarðar króna í árslok 2006.

Eiginfjárhlutfall í lok fyrstu níu mánaða ársins 2007 var 37% miðað við 34% í árslok 2006.

Sjóðsstreymi

Veltufé frá rekstri nam 2 milljörðum króna í lok fyrstu 9 mánaða 2007 miðað við 5.1 milljarða króna í loks fyrstu 9 mánaða 2006. Handbært fé frá rekstri nam 3.9 milljörðum í lok fyrstu 9 mánaða, miðað við 6.4 milljarða króna í lok sama tímabils 2006.

Verkefni á þriðja ársfjórðungi

Yfirtaka á Travel Service

Icelandair Group gekk frá kaupum á tékkneska flugfélaginu að lokinni áreiðanleikakönnun. Kaupin voru síðan samþykkt af tékkneskum samkeppnisyfirvöldum þann 5. nóvember sl. Travel Service varð hluti af Icelandair Group frá 1. október, eða á þriðja ársfjórðungi 2007.

Horfur á fjórða ársfjórðungi

- **Afkoma** Gert er ráð fyrir að EBITDA afkoma Icelandair Group á árinu 2007 verði um það bil 5.6 milljarðar króna, sem þýðir að við gerum fyrir að afkoma á fjórða ársfjórðungi mun verða um 250 milljónum króna betri á þessu ári en því síðasta.
- **Travel Service** Rekstur tékkneska flugfélagsins Travel Service verður hluti af samstæðureikningi Icelandair Group fyrir fjórða ársfjórðung, en vegna árstíðarsveiflu í flugrekstri er gert ráð fyrir að afkoma þess félags á fjórðungnum muni ekki hafa mikil áhrif á heildina. Afkoma þess félags á árinu 2007 verður hinsvegar góð.
- **Rekstur Icelandair** Horfurnar fyrir þrjá síðustu mánuði ársins eru nokkuð góðar, bókunarstaðan góð og afkomuhorfur fyrir tímabilið samkvæmt áætlun.

Endurskoðun

Samstæðuuppgjör Icelandair Group fyrir fyrstu 9 mánuði 2007 var samþykkt á stjórnarfundi þann 13. nóvember 2007. Uppgjörið er hefur verið endurskoðað athugasemdalaust af endurskoðendum félagsins.

Icelandair Group –Kynningarfundur fyrir markaðsaðila 14. nóvember nk.

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn miðvikudaginn 14. nóvember, á **Hilton Reykjavík Nordica** (Sal h). Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8:30.

Vefvarp

Kynningarfundi á ensku verður varpað á netinu kl. 13:30 þann 14. nóvember á slóðinni:
<https://icelandairgroup.webex.com/icelandairgroup/onstage/g.php?d=847356793&t=a>

Vinsamlega athugið að lykilorð fyrir fundinn er: iceair

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands.

Fjárhagsdagatal

Uppgjör fyrir 4. ársfjórðung og ársuppgjör verður birt 21. febrúar 2008.

Frekari upplýsingar veita:

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group og Icelandair
Guðjón Arngrímsson upplýsingastjóri

sími: 505-0371
sími: 864-5849